

Nr. 25/1884. Þorsteinn kaupmaður Guðmundsson  
 gegn  
 Magnúsi verzlunarþjóni Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Magnúsi Ólafssyni, verzlunarþjóni á Akranesi, gegn Þorsteini Guðmundssyni, kaupmanni samastaðar, út af kaupi, sem hinn fyr nefndi telur sig eiga hjá hinum síðar nefnda fyrir tímabilið frá nýjári til 15. júní f. á. þó að frá-dregnum kostpeningum fyrir tvo mánuði frá 15. júní til 15. ágúst s. á., og er upphæð sú, sem Magnús Ólafsson þannig krefzt hjá Þorsteini Guðmundssyni 168 kr. 17 a. — Í máli þessu var kveðinn upp dómur á aukapíngi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að Þorsteinn kaupmaður Guðmundsson var dæmdur til að greiða Magnúsi Ólafssyni 168 kr. 17 a. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi, 17. ágúst 1883, og þangað til borgunin er greidd, og enn fremur 25 kr. í málskostnað. Svo var Þorsteinn kaupmaður og dæmdur í 8 kr. sekt til dómsmálasjóðs (landssjóðs) eptir tilskip. 11. ágúst 1819 fyrir það, að hann hefði ekki mætt á sáttafundi í málinu eptir löglegu fyrirkalli frá sáttanefndinni. Þessum dómi hefur Þorsteinn Guðmundson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. júní þ. á., og krafizt, að verða algjörlega sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í málinu, og að hinn stefndi verði dæmdur til að borga allan kostnað málsins fyrir undir- og yfir-dómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati, en hinn stefndi hefur krafizt, að aukapíngsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn

dæmdur til að borga hæflegan málskostnað eptir mati yfirdómsins.

Eptir samningi milli málspartanna, dagsettum 1. janúar f. á., sem hinn stefndi hefur lagt fram í hjer- aði, og áfrýjandinn ekki mótmælt, hafði áfrýjand- inn skuldbundið sig til að borga hinum stefnda sem bókhaldara og assistent 500 kr. í laun frá 1. janúar 1883 hvert ár, ásamt tæði og þjónustu, og á hinn stefndi eptir því heimting á 228 kr. 17 a. í laun fyrir  $5\frac{1}{2}$  mánuð, eða frá nýári til 15. júní, sem hann hefur verið í þjónustu áfrýjandans, en þar frá drag- ast eptir framburði hins stefnda kostpeningar fyrir 2 mánuði, 1 kr. á dag, samtals 61 kr., svo að kaup- gjald það, sem hinn stefndi eptir þessu á tilkall til, verður 168 kr. 17 a. Mótmæli þau, sem áfrýjandinn hefur borið fram gegn kröfu hins stefnda, að óstefnd- ur þriðji maður hafi verið hinn rjetti eigandi verzl- unar þeirrar, sem hinn stefndi var þjónn við, verður ekki tekið til greina gegn neitun hins stefnda, því síður, sem áfrýjandinn í áður nefndum samningi kall- ar hinn stefnda sinn þjón, og skuldbindur sjálfan sig persónulega til að greiða honum hið umsamda kaup. Af skjölum málsins sjest ekkert um, með hvaða skil- málum verzlun sú, sem hjer er um að ræða, var seld í hendur öðrum manni af áfrýjandanum 15. júní f. á., og þessvegna heldur ekki, hver átylla er fyrir þeim framburði áfrýjandans, að hann við afhendingu verzl- unarinnar hafi losast við þá skuldbindingu að greiða hinum stefnda laun hans, sem áfallin voru þegar verzlunin var afhent, og að þessi skuldbinding hafi fluzt yfir á þann mann, sem þá tók við verzluninni, en hvað sem um það er, þá hefur áfrýjandinn ekki

komið fram með neina sönnun fyrir því, að hinn stefndi hafi samþykkt að eiga aðgang að neinum öðrum en honum um hin áföllnu laun, og hljóta samningar áfrýjandans við hinn núverandi eiganda verzlunarinnar þessvegna að vera hinum stefnda óviðkomandi, eins og að það líka hlaut að vera áfrýjandans, ekki hins stefnda, að sjá um, að áfallin laun hins stefnda væru talin með skuldum þeim, sem á verzluninni hvíldu, svo framarlega sem hinn núverandi eigandi verzlunarinnar hefur tekið þessar skuldir að sjer.

Með því að yfirdómurinn þannig verður að komast að sömu niðurstöðu og hjeraðsdómurinn um það, að hinn stefndi eigi aðgang að áfrýjandanum um umsamið kaup sitt fyrir tímabilið frá nýári til 15. júní f. á., og áfrýjandinn ekki hefur sjerstaklega mótmælt þeirri upphæð, sem hinn stefndi krefst í þessu skyni, þá ber að staðfesta aukabingsdóminn, bæði um aðalefni málsins og um málskostnað og sekt fyrir óþarfa málsýfingu. Sömuleiðis ber áfrýjandanum að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Aukabingsdómurinn í máli þessu á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Þorsteinn Guðmundsson, greiði hinum stefnda, Magnúsi Ólafssyni, 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.